

**Viðbótarmælingar á hita í jarðvegi í
Bjarnarflagi**

Kristján Sæmundsson

Viðbótarmælingar á hita í jarðvegi í Bjarnarflagi

Dagana 22.-23.5 1996 voru að beiðni Landsvirkjunar gerðar hitamælingar í jarðvegi í Bjarnarflagi. Mælt var eftir nokkrum leiðum þar sem komið gat til greina að leggja háspennukapal í jörð. Mælingarnar voru viðbót við sams konar mælingar sem gerðar voru í jan. 1996. Leiðirnar sem mældar voru eru sýndar á meðfylgjandi korti. Aðalleiðin sem mæld var er sýnd með línunum merktum 1 (móts við Kísiliðju) til 2, 3, 4 og 5 (austur af Jarðbaðshólum. Önnur lína var mæld í framhaldi af 1-2 í austur að 6 og endað í 7 suður af holu 11 (mynd 1). Leiðirnar eru merktar með hælum sem hafa þessi númer.

Hitamælt var á 60 cm dýpi nema á stöku stað þar sem klöpp var fyrir og ekki hægt að berja stáltein niður í hana. Bil milli mælipunkta var valið 10 m, sums staðar þó meira þar sem lítið bar á hita eða aðrar aðstæður hömluðu.

Niðurstöður af hitamælingunum eru sýndar á mynd 2. Á "aðalleiðinni" er mjög heitur kafli milli 2 og 3 um 400 m á lengd og auk þess 300 m langur kafli milli 3 og 4 víðast á bilinu 30-40°C heitur.

Þar sem betri leið virtist vera í framhaldi af 1-2 til austurs og síðan suður í hæl 5 (við fyrirhugað stöðvarhús) var sú lína einnig hitamæld. Austurhlutinn af henni (þ.e. frá hæl 2 um 6 að hæl 7) er sýndur neðst á mynd 2. Hiti á þeirri leið er lægri, fer óvída yfir 30°C, en er lengstum milli 20 og 30°C. Kaflinn milli hæla 7 og 5 var genginn, en ekki mældur samfellt. Þar reyndist vera kalt (< 10°) nema rétt norðvestan við 7 þar sem hiti er milli 10 og 20° á stuttu bili (sbr. mælingar frá í jan. 1996).

Dagana sem mælt var, var austan strekkingur og hiti um 10°C. Frost var farið úr jörð á mæli-svæðinu, nema klakavottur fannst á leiðinni milli 5 og 7.

Kristján Sæmundsson